

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Dagsetning: 30.04.2019
Málsnúmer: ANR18090165
Bréfalykill: 04.01.06

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, 634. mál og viðbrögð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

I. Inngangur

Minnisblað þetta er ritað vegna innsendra umsagna við frumvarp til laga rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, 634. mál., þingskjal 1039. Með frumvarpinu er lagt til að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (eIDAS reglugerðin) í íslenskan rétt.

Frumdrög frumvarpsins voru birt í samráðsgáttinni 27. mars 2018 og frestur til umsagna veittur til 17. apríl 2018. Umsagnir bárust frá Neytendastofu, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins og Viðskiptaráði Íslands og skiluðu fyrrnefnd samtök ásamt Viðskiptaráði sameiginlegri umsögn. Hinn 23. apríl 2018 fundaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið með Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins og Viðskiptaráði Íslands um frumvarpsdrögin og umsögn þeirra. Við ritun frumvarpsins var höfð hliðsjón af athugasemdum sem bárust í samráði.

Efnahags- og viðskiptanefnd bárust alls þrjár umsagnir um frumvarpið. Umsagnaraðilar eru Neytendastofa, Persónuvernd, Samtök iðnaðarins, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands.

Í minnisblaði þessu verður farið yfir helstu athugasemdir sem gerðar hafa verið við frumvarpið við þinglega meðferð þess og viðbrögð ráðuneytisins við þeim athugasemdum. Til einföldunar verður umfjölluninni skipt niður eftir greinarnúmerum frumvarpsins.

II. Breytingartillögur

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Annars vegar er um að ræða breytingartillögur sem leiða af athugasemdum sem bárust við frumvarpið og hins vegar af yfirferð ráðuneytisins á frumvarpinu við þinglega meðferð þess.

b. liður 1. mgr. 7. gr.

Að teknu tilliti til umsagnar Neytendastofu er lagt til að í stað orðanna „3. gr.“ í b. lið 1. mgr. 7. gr. komi orðin „4. gr.“.

1. tölul. 10. gr.

Lagt er til að í stað orðanna „nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands“ komi orðin „nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnmöldum“.

Ákvæði til bráðabirgða

Að teknu tilliti til umsagna Neytendastofu, SA, SFF, SI og VÍ er lagt til að við frumvarpið komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

I.

Vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001 við gildistöku laganna skal leggja fram samræmismatsskýrslu hjá Neytendastofu eins fljótt og kostur er og eigi síðar en 1. september 2020. Litið skal svo á að slíkur vottunaraðili sé fullgildur traustþjónustuveitandi samkvæmt lögum þessum þar til slík samræmismatsskýrsla hefur verið lögð fram og Neytendastofa hefur lokið mati sínu.

III. Umsagnir og afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

2. gr. Lögfesting

Neytendastofa telur að birta eigi eIDAS reglugerðina sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Ráðuneytið er ósammála tillögunni. Í frumvarpinu er lagt til að innleiða eIDAS-reglugerðina með tilvísunaraðferð. Það er stefna skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneyti að reglugerðir Evrópusambandsins sem innleiddar eru með tilvísunaraðferð séu ekki birtar sem fylgiskjöl með lögum.

7. gr. Viðurlög

Neytendastofa bendir á að í b. lið 1. mgr. 7. gr. er vísað til 3. gr. frumvarpsins en að kveðið sé á um upplýsingaskyldu í 4. gr. frumvarpsins.

Afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Ráðuneytið er sammála tillögunni og leggur til að viðeigandi breytingar verði gerðar á b. lið 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, sbr. II. kafla minnisblaðsins.

8. gr. Reglugerðarheimild

Neytendastofa bendir á að inntak reglugerðarheimildar 2. mgr. 8. gr. [sic] sé óljóst og að taka þurfi tillit til kostnaðar sem krefjast mætti vegna beiðni um aðgerðir frá annarri eftirlitsstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt reglugerðinni.

Afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Ráðuneytið bendir á að umfjöllun Neytendastofu virðist vera um 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Í samræmi við lögmatireglu stjórnisýsluréttarins eru skýrlega taldir upp í 4. mgr. 8. gr. þeir þættir sem gjaldinu er ætlað að standa undir og þeir þættir gjaldsins sem ráðherra er heimilt að setja reglugerð um.

Í 1. mgr. 18. gr. eIDAS reglugerðarinnar segir að sérhver eftirlitsstofnun skuli, við móttöku rökstuddrar beiðni frá annarri eftirlitsstofnun, veita henni aðstoð svo eftirlitsstofnanir geti starfað með samræmdum hætti. Gagnkvæm aðstoð getur einkum falið í sér beiðnir um upplýsingar og eftirlitsráðstafanir, eins og beiðnir um skoðanir í tengslum við samræmismatsskýrslurnar, eins og um getur í 20. og 21. gr.

Þær aðgerðir sem Neytendastofa kynni að grípa til í kjölfar slíkrar beiðni yrðu byggðar á valdheimildum frumvarpsins. Ekki er þörf á að kveða sérstaklega á um gjaldtöku vegna kostnaðar Neytendastofu af samskiptum við systurstjórnvald á Evrópska efnahagssvæðinu.

Kostnaður við eftirlit

Neytendastofa leggur áherslu á að eftirlit stofnunarinnar verði nægilega fjármagnað. Þá eru athugasemdir gerðar við að horfið sé frá því að eftirlitsskyldir aðilar greiði eftirlitsgjald.

Afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Gert er ráð fyrir að tekið verði tillit til kostnaðar af eftirliti Neytendastofu við vinnu fjármálaáætlunar 2020–2024. Almenna reglan er að eftirlitsskyldir aðilar standa ekki undir kostnaði sem eftirlit hefur í för með sér. Í frumvarpinu er horfið frá töku sérstaks eftirlitsgjalds sem er í samræmi við lög um opinber fjármál.

Bráðabirgðaákvæði

SA, SFF, SI og VÍ leggja til að sett verði í lög in bráðabirgðaákvæði þar sem fullgildum traustþjónustuveitendum sem voru starfandi við gildistöku laganna verði gefnir 12 mánuðir frá gildistöku laganna til að skila skýrslu um úttekt á samræmismati starfseminnar við reglugerðina með sambærilegum hætti og gert var þegar reglugerðin var innleidd innan Evrópusambandsins.

Neytendastofa telur að setja eigi inn bráðabirgðaákvæði um að reglugerð um rafrænar undirskriftir haldi gildi sínu þar til þær hafi sérstaklega verið felldar úr gildi.

Afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Ráðuneytið er sammála Neytendastofu, SA, SFF, SI og VÍ, að því er varðar þörf fyrir bráðabirgðaákvæði vegna skila á samræmismatsskýrslum. Ráðuneytið leggur til að við frumvarpið komi ákvæði til bráðabirgða, sbr. tillögu í kafla II. í þessu minnisblaði. Ráðuneytið vekur einnig athygli á að samkvæmt 1. og 2. tölul. 51. gr. munu gilda um fullgild vottorð og öruggan undirskriftabúnað samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001.

Réttaráhrif rafrænna skjala

SA, SFF, SI og VÍ telja æskilegt að kveðið verði með skýrum hætti á um í réttarfarslögum að rafræn skjöl uppfylli áskilnað hvað formskilyrði varði líkt og tekið sé fram í greinargerð. Halda þurfi áfram að vinna því að koma á réttarvissu varðandi notkun rafrænna skjala. _

Afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. eIDAS reglugerðarinnar hefur hún ekki áhrif á landslög eða lög Sambandsins sem varða gerð og gildi samninga eða aðrar laga- eða málsmeðferðarskyldur með tilliti til forms. Ráðuneytið hefur vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á framangreindu og ráðgert er að unnið verði áfram að stefnumótun á sviðinu í stjórnarráðinu.

Aðrar athugasemdir

Neytendastofa telur að geta ætti um þýðingamikil ákvæði eIDAS reglugerðarinnar á borð við 20. gr. hennar í frumvarpinu sjálfu.

Afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins:

Í frumvarpinu er lagt til að innleiða eIDAS-reglugerðina með tilvísunaraðferð. Innleiðing með tilvísunaraðferð þýðir að reglugerðinni er veitt lagagildi hér á landi. Ákvæði 20. gr. eru nægilega skýr um valdheimildir Neytendastofu og óþarft að þau komi tvisvar fyrir í lögnum.